

HAFNARFJÖRÐUR

Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar

Leikskólar

Skólavogin 2016-2017

- Samantekt á niðurstöðum fyrir leikskóla Hafnarfjarðar -



Hafnarfjörður

2017

© Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar 2017

Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður
Sími 585 5800

Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is
Veffang: www.hafnarfjordur.is

Forsíðumyndir eru frá Álfasteini og Stekkjarási

Formáli

Þessi skýrsla er samantekt á viðhorfakönnunum Skólapúlsins sem er verkfæri í innra mati leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar. Skólapúlsinn myndar sameiginlegan gagnagrunn á niðurstöðum allra skólanna inn í Skólavogina sem virkar þá sem verkfæri í ytra mati bæjarins. Þetta er fyrsta árið sem svona samantekt er gerð fyrir leikskólanna og birt opinberlega í skýrslu og hún varðar eingöngu samantekt á starfsmanakönnun.

Það er hluti af verkefnum sveitarfélagsins að sinna ytra mati á leikskólum í samræmi við 19. greinar laga um leikskóla nr. 90/2008. Skólaárið 2016 til 2017 er fyrsta skólaárið sem leikskólar svara könnun í Skólapúlsinum en fjórða skólaárið sem allir grunnskólarnir í Hafnarfirði nota Skólapúlsinn til að leggja mat á starf sitt. Þátttaka bæjarins í verkefninu hófst formlega vorið 2013 þegar bærinn keypti aðgang að Skólavoginni. Það ræðst af notagildi skýrslunnar fyrir hagsmunaðila hvort framhald verður á og þá hvernig hún þróast áfram, en skýrslugerðin er hluti af ytra mati bæjarins á grunnskólunum.

Í skýrslunni eru dregnar fram helstu niðurstöður starfsmannakönnunar leikskólanna sem fór fram í febrúar 2017. Markmið skýrslunnar er að gefa mynd af stöðu hvers leikskóla, þeir geti borið sig saman við aðra skóla í Hafnarfirði og séð meðaltal annarra skóla sem eru í Skólavoginni. Ennfremur að fræðsluyfirvöld sjái samanburð við meðaltöl annarra sveitarfélaga á landinu sem eru í Skólavoginni. Listi yfir þátttökuskóla á landinu er að finna á www.skolapulsinn.is. Tilgangurinn er að skólarnir geti nýtt niðurstöður og samanburð til að sjá hvað vel tekst til og finna sér sóknarfæri og umbótaverkefni. Einnig að aðrir hagsmunaaðilar skólastarfsins, s.s. foreldrar og fræðsluyfirvöld, fái yfirsýn yfir stöðuna og geti lagt sitt af mörkum lögum samkvæmt til að aðstoða skólanna á grundvelli þessara meginlegu gagna.

Skýrslan er unnin af Erlu Guðjónsdóttur, MA í mati á skólastarfi og fyrrverandi skólustjóra Öldutúnsskóla. Skýrslan er byggð á grunni sem unninn var sumarið 2014 af Arnóri Heiðarssyni, grunnskólakennara í Hafnarfirði sem var þá MPA nemi Háskóla Íslands í opinberri stjórnslu með sérhæfingu á sviði stjórnunar menntastofnana undir leiðsögn þróunarfulltrúa grunnskóla. Skýrslan er þó á ábyrgð Vigfúsar Hallgrímssonar, þróunarfulltrúa grunnskóla á Skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að á eftir efnisyfirliti kemur samantekt og inngangur. Þá tekur við kafli sem kynnir Skólapúlsinn og Skólavogina og þær aðferðafræðilegu forsendur sem þau byggja á. Meginkaflinn er samantekt á niðurstöðum úr viðhorfakönnunum starfsmanna einstakra leikskóla í Hafnarfirði með sérstakri samantekt í upphafi fyrir bæinn í heild. Aftan við skýrsluna er viðauki:

- Viðauki 1: Tafla með niðurstöðu hvernar samantektarspurningar einstakra skóla ásamt flokkun út frá meðaltali Skólavogarinnar (grænt, gult og appelsínugult).
- Viðauki 2: Spurningar sem eru í starfsmannakönnun fyrir leikskóla í Skólapúlsinum.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Samantekt	6
Inngangur	7
1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra	8
2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla	8
2.0 Hafnarfjörður	10
2.1 Arnarberg	12
2.2 Álfaberg	13
2.3 Álfasteinn	15
2.4 Hlíðarberg	16
2.5 Hlíðarendi	17
2.6 Hraunvallaskóli, leikskóladeild	18
2.7 Hvammur	19
2.8 Hörðuvellir	20
2.9 Norðurberg	21
2.10 Smáralundur	22
2.11 Stekkjarás	23
2.12 Tjarnarás	25
2.13 Vesturkot	26
2.14 Víðivellir	27
3. Hvað svo?	28
Viðauki	30
Viðauki 1: Tafla með samantekt á starfsmannakönnuninni	31
Viðauki 2: Starfsmannakönnun - útskýringar á spurningum	34
1. ALMENNT UM STARFSMENN	34
1.1. Starfsaldur í leikskólum 4 ár eða fleiri.	34
1.2 Starfsaldur í þessum leikskóla 3 ár eða hærri	34
1.3 Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð	34
1.4 Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	34
1.5 Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	34
1.6 Tíðni áreitni meðal starfsfólks	34
1.7 Tíðni eineltis meðal starfsfólks	34
2. VIÐHORF TIL LEIKSKÓLANS	35
2.1 Starfsánægja í skólanum	35

2.2 Starfsandi í leikskólanum.....	35
2.3 Stjórnun skólans	35
2.4 Starfsaðstaða í skólanum	35
3. UPPELDI OG MENNTUN.....	36
3.1 Sjálfsmynd við uppeldi og menntun.....	36
3.2 Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna	36
3.3 Trú á eigin getu við daglegt skipulag	36
3.4 Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð.....	36
3.5 Samstarf í leikskólanum.....	37
3.6 Virkar samræður um starfið	37
3.7 Virkni foreldra í leikskólastarfinu	37
3.8 Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans.....	37
3.9 Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	37
3.10 Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir.....	38
4. SÍMENNTUN OG UNDIRBÚNINGUR.....	38
4.1 Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	38
4.2 Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	38
4.4 Tækifæri til símenntunar	38
4.5 Virkni í símenntun	38
4.6 Símenntunarpörf starfsfólks.....	38
4.7 Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símanntun undanfarið ár	38
4.8 Hindranir í símenntun starfsfólks	39

Samantekt

Þessi skýrsla er samantekt úr viðhorfakönnun sem lögð var fyrir starfsmenn leikskóla Hafnarfjarðar í febrúar 2017. Könnunin er stafræn og lögð fyrir alla starfsmenn skólanna eftir kerfi sem fyrirtækið Vísar heldur úti og selur skólum (Skólapúlsinn) og sveitarfélögum (Skólavogin).

Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar eru nokkurs konar árangursmat út frá viðhorfum. Það er mat starfsmanna á starfsemi skólanna út frá viðhorfum þeirra sem þó geta ekki talist raunmælingar á árangri. Því skal skoða niðurstöðurnar út frá þeim sjónarmiðum að engin viðmið eru til að meta niðurstöður viðhorfamælinganna nema meðaltöl annarra skóla/sveitarfélaga. Viðhorfakannanir eru ein aðferða til að afla upplýsinga en viðhorf endurspegla ekki endilega árangur þótt þau gefi til kynna ákveðin sjónarmið sem mikilvægt er að virða. Óljóst er því hvenær ber að taka niðurstöður alvarlega því að í spurningakönnunum felast annmarkar á því að afla upplýsinga um veruleikann, t.d. varðandi það hvernig spurning er skilin af þeim sem svarar. Að því sögðu eiga viðhorfamælingar samt að geta veitt mikilvægar upplýsingar þó að túlkun þeirra sé alltaf stór þáttur í matsframkvæmd líkt og þessi skýrslugerð er.

Meginniðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að leikskólar Hafnarfjarðar eru í fjórum þáttum meðal 25% hæstu sveitarfélaga og í einni samantektarspurningu (af 18) meðal 25% lægstu sveitarfélaganna. Það er töluverður breytileiki milli skóla á niðurstöðum einstakra spurninga og nauðsynlegt að skoða útkomu hvers skóla til að sjá þennan mun og breytileika og bregðast við.

Í heildina séð er það mat skýrsluhöfunda að niðurstöður Skólavogarinnar gefi tækifæri til sóknar og frekari árangurs. Ábyrgð sveitarfélags, leikskóla/starfsfólks og foreldra þarf að vera sameiginleg svo leikskólarnir nái þeim markmiðum sem eru í sigtinu hverju sinni. Viðhorf hagsmunaaðila til leikskólastarfsins skipta þar miklu máli og skýrslan þjónar þeim tilgangi að vera leiðarvísir um þætti sem eru nauðsynlegir til frekari skoðunar og þróunar.

Inngangur

Á síðastliðnum árum og áratugum hefur umræðan í samfélaginu og meðal fræðimanna fjallað töluvert um það hvernig skólastarf geti orðið „skilvirkara“ og skilað „meiri árangri“, þótt merking þeirra hugtaka geti verið mismunandi eftir kenningum og einstaklingum. Sem svar við slíku verkefni er talið að „mat á skólastarfi“ sé sjálfsagt viðfangsefni í stofnanaumhverfi menntakerfis hvers lands. Í núverandi lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er ákvæði um að mat á skólastarfinu eigi að vera virkur þáttur í starfi þeirra. Þar er kveðið á í 17. og 18. grein að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum sé að veita hagsmunaaðilum upplýsingar um skólastarfið og árangur þess, tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir, auka gæði náms og stuðla að endurbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái á þjónustu sem lög kveða á um. Ennfremur að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á og birta þær upplýsingar með reglulegu millibili, nefnt innra mat. Skólapúlsinn, með útfærslu á gagnagrunni fyrir sveitarfélög í Skólavoginni, er sérhannað, íslenskt verkfæri sem ætlað er að hjálpa til við innra (skólar) og ytra mat (sveitarfélaga) og sækir efnivið sinn í erlendar fyrirmyndir. Hafnarfjörður tók ákvörðun um að vera þátttakandi í Skólapúlsinum og Skólavoginni þannig að allir skólar sveitarfélagsins, bæði grunn- og leikskólar geti metið árlega ákveðna þætti í starfi sínu og hafi tækifæri til að bera sig saman við aðra skóla í bænum og landsmeðaltal.

Fyrir sveitarfélagið er Skólavogin, sem samantekt á gögnum einstakra leikskóla í Skólapúlsinum, verkfæri til að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar um ákveðna þætti í skólastarfinu. Skólavogina getur sveitarfélagið nýtt til að meta eigin stefnu og framkvæmd á leikskólastarfi og gert umbætur sem varða heildina, sem og til að veita einstökum skólum viðeigandi aðstoð við umbætur þar sem þess gerist þörf eins og 19. grein leikskólalaganna greinir á um.

Skýrslu þessari er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsandi fyrir stjórnendur leikskólanna í Hafnarfirði og jafnframt veita fræðsluyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar um ákveðna þætti leikskólastarfsins í bænum. Skólapúlsinn, sem liður í innra mati leikskóla hentar vel til að fá álit þeirra sem koma að skólastarfinu og mikilvægt er að hlusta á þau sjónarmið og viðhorf sem þar koma fram. Þó ber að varast að oftúlka niðurstöður með því að horfa um of á þær, hvort heldur sem áfellingisdóm eða fullnaðarsigur sem gefi heildarmynd af starfi einstakra skóla. Niðurstöðurnar segja ýmislegt um skólastarfið og geta verið vísbending um gott starf en einnig hvað má gera betur. Á heildina litið er mikilvægt að nýta gögn Skólapúlsins og vaka yfir því hver hagrur skólastarfsins er og/eða getur verið af þeim umbótum sem unnar eru á grundvelli niðurstaðna. *Hagsmunaaðilar skólastarfsins eru hvattir til að fara yfir alla þætti, bæði þá sem koma vel út og þá sem ekki koma vel út. Greina þá og skilgreina í samvinnu, vinna skipulega að umbótum og hlú markvisst áfram að því sem vel gengur.*

1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra

Skólapúlsinn, sem er gagnasafn Skólavogarinnar, var settur á laggirnar árið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Árið 2017 eru 40 leikskólar skráðir í Skólapúlsinn.

Allir starfsmenn eru þátttakendur og komast að könnunni með aðgangsslykli á heimasíðu Skólapúlsins, www.skolapulsinn.is og svara spurningum sem lúta að hans þætti í skólastarfinu. Spurningarnar eru samdar af starfsfólki Skólapúlsins og hafa verið í stöðugri þróun síðan notkun á kerfinu hófst. Hver skóli getur valið að setja inn nokkrar aukaspurningar sem varða starf þess tiltekna skóla. Fyrir slíkt þarf að greiða sérstaklega. Bæjarfélög geta keypt aðgang að upplýsingum sinna skóla sem eru í Skólapúlsinum og heitir sá aðgangur Skólavogin til aðgreiningar frá Skólapúlsinum.

Spurt er um líðan í starfi, starfsanda, daglegt starf, starfshætti, samstarf og samskipti, starfsþróun, símenntun, stjórnun og forystu og það tekur um 25-35 mínútur að svara könnuninni. Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. (Sjá sundurgreiningu á spurningum í viðauka.)

Túlkun á niðurstöðum

Kannanir á vegum Skólapúlsins eru skilgreindar sem megingreindar, það eru spurningalistar með ákveðnum svarmöguleikum. Skólapúlsinn vill helst að svörun sé yfir 80% til að svör séu marktæk. Unnið er úr svörum þótt þeim mörkum sé ekki náð, en þau eru ekki reiknuð inn í meðaltöl bæjarins eða Skólavogarinnar.

Þegar gögnin í Skólavoginni eru skoðuð þarf að hafa nokkra þætti í huga við túlkun þeirra. Svör sumra spurninga birtast á mælikvarða sem hefur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Við túlkun er viðmiðunarregla sú að munur upp á 0,5 stig er ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig eða meira telst mikill munur. Í Skólavoginni eru niðurstöður einstakra skóla bornar saman við landsmeðaltal Skólavogarinnar, sem ýmist er gefið upp á stöðluðum mælikvarða (0-10 þar sem 5 er meðaltalið) eða prósentum sem hafa enga ákveðna stöðlun. Í viðauka tvö, sést hvernig spurningalistarnir eru byggðir upp.

2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla

Í þessum kafla, meginkafla skýrslunnar, eru kynntar helstu niðurstöður hafnfirskra leikskóla í Skólapúlsinum eins og þær birtast í Skólavoginni. Markmiðið er að setja þær fram með skýrum hætti svo að sá sem les þær fái góða yfirsýn yfir niðurstöðurnar. Teknir eru út nokkrir þættir sem skera sig úr í niðurstöðum hvers skóla og fjallað sérstaklega um þá, bæði þá sem teljast styrkleikar og þá sem gefa möguleika til þróunar. Það er fyrst og fremst verkefni leikskólanna að velja umbótaþætti og fylgja þeim eftir, enda þeir best í stakk búnir til þess. Það er þó mikilvægt að niðurstöðurnar séu skoðaðar vel, með gagnrýnum huga og að stjórnendur og starfsmenn taki þær alvarlega og keppist við að nýta niðurstöðurnar til umbóta og þróunar ekki síður en þeir sem hafa með skólamál sveitarfélagsins að gera.

Framsetningin er þannig að fyrst eru kynntar meðaltalsniðurstöður leikskólanna í Hafnarfirði að undanskildum tveimur.¹ Í viðauka 1 eru niðurstöður einstaka skóla birtar og litamerktar af höfundum skýrslunnar með appelsínugulu, gulu og ljósgrænu. Viðmið er landsmeðaltal svara við hverri spurningu á skólaárinu 2016 til 2017. Litirnir eru notaðir til að skýra ákveðnar línur. Ljósgræni liturinn táknar að skólinn er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar skólaárið 2016 til 2017 (+0,5 stigum eða +5 prósentustigum). Guli liturinn táknar að skólinn er allt að $\pm 0,49/4,9$ prósentustig frá meðaltali Skólavogarinnar. Appelsínuguli liturinn merkir að skólinn er vel undir (-0,5 stigum eða -5 prósentustigum) meðaltali Skólavogarinnar. Tölulegar staðreyndir eru ekki litamerktar, enda ekki viðhorfaþættir sem hægt er að setja upp í samanburð.

Í sjálfu sér er ekki einhlítt að túlka niðurstöður eingöngu eftir því hvort þær eru undir eða yfir meðaltali þar sem slík flokkun heldur sjálfkrafa helmingi ofan meðaltals og helmingi fyrir neðan. Það er í sjálfu sér ekki viðmið um hvort hlutirnir séu í lagi eða ekki. En séu niðurstöður vel yfir meðaltali er samt álitnið að um jákvæðan þátt sé að ræða og séu niðurstöður vel undir meðaltali að um neikvæðan þátt sé að ræða. Út frá því sjónarmiði er þessi greining unnin og hægt að halda því fram að slík útlitun sé ekki einhlít eins og áður sagði, en stöðluð spurningakönnun gefur ekki marga aðra möguleika. Á grunni þessa er reynt að fara varlega í að draga ályktanir sem byggjast á niðurstöðum Skólapúlsins og þær ályktanir sem dregnar eru hafi skýrar forsendur í gögnum Skólapúlsins.

¹ Þetta eru leikskólarnir Hjalli og Hamravellir sem eru undanskildir í leikskólakönnuninni.

2.0 Hafnarfjörður

Leikskólar Hafnarfjarðar eru 17 og börn á leikskólaaldri með lögheimili í bænum voru xxx skólaárið 2016 til 2017. Um 1780 þeirra eru í leikskólum bæjarins eða nálægt 97%

- Bjarkalundur er nýstofnaður skóli og var því ekki með í könnuninni þetta árið.
- Hamravellir og Hjalli eru undanskildir könnuninni.

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu er Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.

	Samantekt á niðurstöðum - meðaltal Hafnarfjarðarbæjar
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N =409 þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 79% (323).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Tuttugu og átta þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í eftirfarandi fjögur atriði. Af þessum tuttugu og átta þáttum eru fimm í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni gefast til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarpörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <p>Tölur bæjarins liggja við meðaltal að undanskildum einum þætti, sem er hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma, en þar er bærinn vel yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Starfsaldur leikskólum bæjarins er rétt yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Tíðni eineltis meðal starfsfólks að mati þeirra mælist 10,2%, rétt undir meðaltali Skólavogaráttarinnar sem er 11,8%, en breidd er töluverð milli skóla allt frá 0% upp í 17,6%. Sama á við um tíðni áreitni að mati starfsmanna. • Viðhorf til leikskólans: Starfsánægja mælist rétt yfir meðaltal; 5,2/5,0. Stjórnun og starfsaðstæður meta starfsmenn við meðaltal. Starfsanda meta starfsmenn leikskólanna einnig rétt yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar 5,0/4,8. • Uppeldi og menntun: Samstarf í leikskólunum meta starfsmenn rétt undir meðaltali 4,7/5,0, en aðrir þættir sem flokkast undir uppeldi og menntunar mælast almennt við meðaltalið. • Símenntun og undirbúningur: Starfsmenn tjá viðhorf til símenntunar og undirbúnings almennt við meðaltal. Bærinn er vel yfir meðaltali hvað varðar hlutfall starfsmanna sem færa nægan undirbúningstíma. Töluverð breidd er matinu milli skólanna hvað varðar hlutfall þeirra sem fá undirbúningstíma og hlutfall þeirra sem telja sig fá nægan undirbúningstíma. Sama er að segja um tækifæri sem menn telja sig hafa til símenntunar og virkni þeirra í símenntun.

Samantekt og ábendingar

- Starfsaldur almennt í leikskólum svo og í leikskólum hverjum fyrir sig er rétt yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar og bærinn er þar í 5. og 4. sæti af 18 sveitarfélögum.
- Umfang áreitni meðal starfsmanna (7,7%) mælist rétt undir meðaltali Skólavogaráttarinnar (10,3%) en tekið skal fram að það er mikill munur á tölum skólanna.

- Meðaltal bæjarins á umfangi eineltis meðal starfsmanna (10,2%) mælist rétt undir meðaltali Skólavogarinnar (11,8%) en skoða þarf að það er mikill munur á tölum skólanna.
- Bærinn er í 4. sæti af 18 mögulegum hvað varðar virgni starfsmanna í símenntun, en breiddin er mikil á milli skólanna allt frá 4% upp í 22,1%.
- Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans meta menn afar misjafnlega eftir skólum þótt bærinn teljist við meðaltal Skólavogarinnar. Eru það starfsmenn í sex skólum sem meta þennan þátt vel undir meðaltali.
- Starfsmenn leikskóla bæjarins eru stundvísir miðað við meðaltal Skólavogarinnar og er bærinn þar í 4. sæti af 18 mögulegum.
- Starfsmenn sjö leikskóla meta virgni foreldra vel undir meðaltali.
- Ánægja starfsmanna með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir er vel undir meðaltali Skólavogar í átta skólum.

2.1 Arnarberg

Leikskólinn Arnarberg tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í Hafnarfirði árið 2003. Leikskólinn er fjögurra deilda og með 24 starfsmenn.

Leikskólustjóri: Oddfríður Jónsdóttir

Aðstoðarleikskólustjóri: Kristbjörg Helgadóttir



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N = 24</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 83,3% (20).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í þremur þáttum (13%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 19 þáttum og í þremur tilvikum (13%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 flokka samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Til viðbótar þessum 23 atriðum eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarpörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Fjarvera heila daga mánuðinn á undan könnunni mælist 1 dagur sem er vel undir meðaltali. Sama viðhorf er um tíðni eineltis að mati starfsmannanna; 5,6%/11,8%. Tíðni áreitni meðal starfsfólks mælist 5,0%; vel undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 10,3%, en breidd er töluverð milli skóla allt frá 0% upp í 17,6%. • Viðhorf til leikskólans: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn vel yfir meðaltali; 5,5/4,9. Starfsanda í leikskólanum meta þeir nokkuð undir meðaltali Skólavogarinnar; 4,4 stig, en meðaltalið er 4,8. • Uppeldi og menntun: Sjálfsmynd við uppeldi og menntun meta starfsmenn rétt yfir meðaltali, 5,2/4,9. Trú á eigin getu við dagleg skipulag og að tryggja jöfnuð meta þeir vel undir meðaltali. Ánægja þeirra með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir mælist 70,6% sem er vel undir meðaltali, en meðaltal Skólavogar er 78,3%. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 93,8% sem telst við meðaltal og 66,7% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem er við meðaltal Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun meta starfsmenn við meðaltal. 80% starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika sem vel yfir meðaltali (56%).

2.2 Álfaberg

Leikskólinn Álfaberg er við Breiðvang og tók til starfa árið **xx**. Hann er fimm deilda og þar eru 27 starfsmenn.

Leikskólustjóri: Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir

Aðstoðarleikskólustjóri: Linda Björk Halldórsdóttir



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N = 27</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 77,8% (21).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 10 þáttum (44%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 11 þáttum og í tveimur tilvikum (9%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Að auki eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Tíðni eineltis meðal starfsfólks mælist 0,0%; vel undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 11,8%, en breidd er tölverð milli skóla allt frá 0% upp í 17,6%. Tíðni áreitnis að mati starfsmannanna er 10,0%/11,8%. • Viðhorf til leikskólans: Starfsánægju sína meta starfsmenn vel yfir meðaltali; 6,0/5,0, stjórnun 6,2/5,0 og starfsanda 6,4/4,8 sömuleiðis. Starfsaðastæða mælast rétt yfir meðaltali. • Uppeldi og menntun: Fjórir af tíu þáttum eru vel yfir meðaltali. Virkni foreldra og virkar samræður um starfið mælast til meðaltals. Ánægju með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir og upplýsingar og stuðningur vegna þeirra, meta starfsmenn vel undir meðaltali Skólavogar. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 90,9% sem telst við meðaltal og 90,0% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og er það vel yfir meðaltali Skólavogar. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn við meðaltal og þeir eru mjög virkir í símenntun sinni; 21,1%, meðaltal 7,0%. 51,6%

	starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika og er það rétt undir meðaltali sem er 56%.
--	--

2.3 Álfasteinn

Leikskólinn Álfasteinn tók til starfa 2001. Leikskólinn er fimm deilda og með 25 starfsmenn.

Leikskólastjórnendur: Hrund Guðmundsdóttir og Jónína Rósa Ragnarsdóttir



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N = 25</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 80,0% (20).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í fjórum þáttum (17%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 14 þáttum og í fimm tilvikum (22%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Að auki eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Tíðni áreitni meðal starfsfólks mælist 10,0%; við meðaltal Skólavogarinnar sem er 10,5%. Sama viðhorf er um tíðni eineltis að mati starfsmanna; 10,0%/11,8%. Fjöldi skipta sem starfsmenn eru fjarverandi hluta úr degi er vel yfir meðaltali. • Viðhorf til leikskólans: Starfsmenn meta alla þætti í þessum flokki við meðaltal Skólavogar. • Uppeldi og menntun: Sjálfsmynd við uppeldi og menntun meta starfsmenn vel yfir meðaltali 5,5/4,9. Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð er einnig vel yfir meðaltali 5,9/5,2. 85,7% starfsmanna eru ánægðir með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans og er það vel yfir meðaltali Skólavogar sem er 75,7%. Ánægja þeirra með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir mælist afar lítil 31,2%, vel undir meðaltali Skólavogar sem er 78,3%. Samstarf í leikskólanum og virkar samræður um starfið mælast vel undir meðaltali. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% og 53,3% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings, vel undir meðaltali Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun meta starfsmenn við meðaltal. 40% starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika og er það vel undir meðaltali sem er 56%.

2.4 Hlíðarberg

Leikskólinn Hlíðarberg er í Setbergshverfi í Hafnarfirði og tók til starfa árið 1993. Hann er fimm deilda með 34 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Ólafía Guðmundsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Jóna Guðbjörg Ólafsdóttir



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N = 34</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 85,3% (29).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í tveimur þáttum (9%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 13 þáttum og í sex tilvikum (22%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Að auki eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Tíðni áreitni og eineltis mælist 13,8% hvoru tveggja sem er rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar. • Viðhorf til leikskólans: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn rétt yfir meðaltali; 5,3/4,9, starfsánægju og stjórnun rétt undir meðaltali. Starfsanda meta þeir vel undir meðaltali Skólavogarinnar; 3,9/5,0. • Uppeldi og menntun: Ánægja þeirra með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir mælist 92,0% sem er vel yfir meðaltali, en meðaltal Skólavogar er 78,3%. Sjálfsmynd við uppeldi og menntun, trú á eigin getu við daglegt skipulag eru við meðaltal. Trú á eigin getu til að tryggja jöfnuð, samstarf í skólanum, virkar samræður um starfið, virkni foreldra og aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan leikskólans meta starfsmenn allt vel undir meðaltali. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 81,2% sem er vel undir meðaltali og 76,9% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og er það vel yfir meðaltali Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun meta starfsmenn við meðaltal. 61,5% starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika; vel yfir meðaltali sem er 56%.

2.5 Hlíðarendi

Leikskólinn Hlíðarendi tók til starfa árið 1998. Hann er fjögurra deilda með 25 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Arný Steindóra Steindórsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Fjóla Kristjánsdóttir



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N = 25</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 88% (22).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í tíu þáttum (44%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 11 þáttum og í tveimur tilvikum (9%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Að auki eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Tíðni áreitni meðal starfsfólks mælist 4,5%; vel undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 10,5%. Tíðni eineltis að mati starfsmanna er hins vegar 13,6%/11,8%. Töluverð breidd er á milli skóla, allt frá 0% upp í 17,6% bæði hvað varðar áreitni og einelti. • Viðhorf til leikskólans: Stafrsandaog starfsaðstöðu meta starfsmenn vel yfir meðaltali og stjórnun rétt yfir meðaltali. Annað telst til meðaltals. • Uppeldi og menntun: Sex af tíu þáttum í þessum flokki mælast vel yfir meðaltali Skólavogarinnar og enginn vel undir. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 80,0% sem er vel undir meðaltali og 62,5% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og er það við meðaltal Skólavogar. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn vel yfir meðaltali 5,6/5,0 og virkni í símenntun telst til meðaltals. 33,3% starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika og er það vel undir meðaltali sem er 56%.

2.6 Hraunvallaskóli, leikskóladeild

Leikskólinn í Hraunvallaskóla við Drekaelli tók til starfa árið 2005. Leikskólinn er fjögurra deilda með um 100 börn og 25 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Sigrún Kristinsdóttir

Aðstoðarleikskólustjóri: Guðmundína Hermannsdóttir



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N = 25</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 92,0% (23).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í tveimur þáttum (9%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 11 þáttum og í tíu tilvikum (39%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Að auki eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Tíðni áreitni meðal starfsfólks mælist 8,7%; vel undir meðaltali Skólavogarinnar sem er 10,3%, en breidd er töluverð milli skóla allt frá 0% upp í 17,6%. Tíðni eineltis að mati starfsmannanna er 13,0%/11,8%. Fjarvera hluta úr degi mánuðinn á undan könnunni mælist 1,6 skipti sem er vel yfir meðaltali. • Viðhorf til leikskólans: Starfsanda meta þeir afar lágt; 3,6/6,0 og starfsaðstöðu einnig vel undir meðaltali; 4,4/4,9. Starfsánægja og stjórnun við meðaltal. • Uppeldi og menntun: Virkar samræður um starfið meta starfsmenn vel yfir meðaltali 5,7/5,1. Trú á eigin getu við daglegt skipulag, samstarf, virkni foreldra og ánægja með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans og ánægja þeirra með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir mælist vel undir meðaltali. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% sem er vel yfir meðaltali. Hins vegar eru það 66,7% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og er það við meðaltal Skólavogar. Tækifæri sín til símenntunar meta þeir vel undir meðaltali 4,0/5,0. 62,5% starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika og er það vel yfir meðaltali sem er 56%.

2.7 Hvammur

Leikskólinn Hvammur er við Staðarhvamm og tók til starfa (engar upplýsingar á heimasíðu) Hann er sex deilda með 31 starfsmann.

Leikskólastjóri: Ásta María Björnsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Þóra Kristjana Einarsdóttir.



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N = 31</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er 90,3% (28).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í sex þáttum (22%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 12 þáttum og í fjórum tilvikum (17%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Að auki eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Fjarvera heila daga og hluta úr degi er vel undir meðaltali. Tíðni áreitni og eineltis meðal starfsfólks (11,5%) mælist rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar en breidd er töluverð milli skóla er allt frá 0% upp í 17,6%. • Viðhorf til leikskólans: Starfsánægju, starfsanda og starfsaðstöðu meta starfsmenn við meðaltal. Stjórnun meta þeir vel undir meðaltali. • Uppeldi og menntun: Sjálfsmynd við uppeldi og menntun meta starfsmenn vel yfir meðaltali 5,8/4,9. Ánægja með upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir mælist vel yfir meðaltali 87,0%/77,5%. Ánægja þeirra með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir mælist 68,0% sem er vel undir meðaltali Skólavogar (78,3%). Virkni foreldra mælist einnig vel undir meðaltali. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% sem telst við meðaltal og 93,8% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem er við meðaltal Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun meta starfsmenn við meðaltal. 70% starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika og er það vel yfir meðaltali sem er 56%.

2.8 Hörðuvellir

Leikskólinn Hörðuvellir stendur við Lækjarskóla Tjarnarbraut. Hann tók til starfa árið 1935 og er fjögurra deilda leikskóli með 23 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Sigbrúður Sigurþórsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Jóna Elín Pétursdóttir



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>N =</p> <p>Allir starfsmenn eru úrtak og svarhlutfall er xxx</p> <p>Viðmiðunargrúpa er 40 leikskólar í 18 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í þremur þáttum (13%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 13 þáttum og í sjö tilvikum (30%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 23 samantektarþáttum Skólavogaráttanna um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka. Að auki eru fimm atriði í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburðinn en fjallað um þau í texta. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarbörf og hindranir í símenntun starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almennt um starfsmenn: Fjarvera heila daga mánuðinn á undan könnunni mælist 0,9 dagar sem er vel undir meðaltali. Tíðni áreitni meðal starfsfólks mælist 5,9%; nokkuð undir meðaltali Skólavogaráttanna sem er 10,3% og tíðni eineltis að mati starfsmanna er 11,8% og er við meðaltalið. • Viðhorf til leikskólans: Starfsánægja, starfsandi og starfsaðstæður mælast við meðaltal. Stjórnun vel undir meðaltali. • Uppeldi og menntun: Trú á eigin getu til að tryggja jöfnum mælist vel yfir meðaltali. Samtstarf í leikskólanum, virkar samræður um starfið, virkni foreldra, aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólan og ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir meta starfsmenn vel undir meðaltali. • Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 88,9% sem telst við meðaltal og 87,5% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings, vel yfir meðaltali Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun meta starfsmenn vel undir meðaltali. 57,1% starfsmanna upplifa hindranir í varðandi símenntunarmöguleika, við meðaltal sem er 56%.

2.9 Norðurberg

Leikskólinn Norðurberg er í norðurbæ Hafnarfjarðar. Hann tók til starfa árið 1982 og er fimm deilda leikskóli með 32 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Anna Sigurborg Harðardóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Gunnhildur Grímsdóttir



	Samantekt á niðurstöðum
